

Stjórnarfundur á Laugum

Haldinn 17. janúar 2017 og hófst kl. 20.

Mætt voru: Heiðrún Sandra, Ingveldur, Herdís, Pálmi, Hanna Sigga, Arnar Svans og Svana.

Fundargerðina ritaði Svana Hrönn

- Samstarf UDN og Snæfells
 - Arnar kynnti hugmyndina um samstarfið. Páll Margeir frá Snæfelli hafði samband að fyrrabragði og óskaði eftir samstarfi í fótbolta. Samstarfið kostar um 200.000 kr. og UDN mun komast inn í styrkjakerfi KSÍ í haust.
 - Stjórnin samþykkir samstarfið. Arnar mun sjá um samskiptin ásamt Svönu.
- Forvarnarfyrirlestur fyrir unglunga.
 - Svana spurði hvort hægt væri að sækja um styrk hjá UDN til að halda forvarnarfyrirlestur fyrir unglunga í Dalabyggð og á Reykhólum. Stjórnarmenn tóku vel í það og finnst ungmennasambönd eiga að taka þátt í forvarnarstarfi. Svana ætlar að sækja um styrk hjá UDN þegar búið er að finna fyrirlesara.
- Ársþing UDN
 - Stefnt verður að halda ársþingið 30. mars. Í ár er það á vegum Stjórnunar.
 - Stjórnin vill vekja umræður á þinginu, t.d. sameining félaga og fleira.
 - Unglingalandsmót, athuga þarf með reglu í sambandi við greiðslu á skráningagjöldum og svo mætingu í keppni.
- Starf framkvæmdastjóra
 - Rætt var um að breyta samningum. Heiðrún ætlar að senda samninginn á stjórnarmenn og heyra í síðar í þeim.
- Sumarið
 - UDN vill stefna á að senda krakka á mót, knattspyrna og frjálssar, jafnvel eitthvað fleira. Athuga hvort hægt sé að virkja meira samstarf milli félaga m.t.t. liða í knattspyrnu. Hólmavík? Snæfell?
 - Spurning að opna umræðu um sumarstarfsins m.t.t. frjálssra íþrótta á ársþingi.
- Önnur mál
 - Engin önnur mál

Fundi slitið kl. 22:00